



**OPINBER
TALSMANNA
ALLRA BARNNA
Á ÍSLANDI**


Þjónusta við börn á „gráu svæði“ – hver ber ábyrgð?

**Erindi á ráðstefnu Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins,
16. apríl 2014.**



Hlutverk umboðsmanns barna

- Umboðsmaður barna er opinber talsmaður allra barna á Íslandi – frá 0 til 18 ára.
- Ber að standa vörð um hagsmuni barna og vinna að því að tekið sé fullt tillit til réttinda þeirra á öllum sviðum samfélagsins.



Hlutverk umboðsmanns barna frh.

- Umboðsmanni barna ber að stuðla að því að virtir séu þjóðréttarsamningar sem varða réttindi barna.
 - Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.
- Ber að koma á framfæri tillögum um úrbætur.
- Á að stuðla að umræðu og kynningu á réttindum barna.



Barnasáttmálinn

- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.
 - Samþykktur árið 1989.
 - Fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992.
 - Lögfestur 20. febrúar 2013.
- Útbreiddasti mannréttindasamningur heims.
 - Öll ríki heims, fyrir utan þrjú, hafa fullgilt hann.
- Tryggir börnum sjálfstæð mannréttindi.
- Ný sýn á réttindi barna.
 - Vernd – umönnun – þátttaka.




Verkefni á hverjum tíma

- Störf embættisins á hverjum tíma ráðast einkum með eftirfarandi hætti:
 - þeim málum sem eru í vinnslu á Alþingi eða í stjórnslunni,
 - þeim erindum sem berast embættinu frá einstaklingum.
 - öðrum og þeim málum sem embættið ákveður sjálf að taka til sérstakrar skoðunar.
 - þeirri umræðu sem er í fjölmiðlum hverju sinni.



Börn á „gráu svæði“

- Fjölmargar ábendingar hafa borist um börn sem eru ekki að fá þjónustu við hæfi - afturför?
- Ákveðið að skoða betur árið 2013.
 - Áhersla á skóla, barnavernd og heilsu og líðan.
- Hér verður fyrst og fremst fjallað um heilsu og líðan.



Réttindi barna með sérþarfir

- Ákvæði 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar - börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.
- Jafnræðisregla 65. gr. stjórnarskrárinnar - óheimilt er að mismuna börnum eftir stöðu þeirra.




Réttindi barna með sérþarfir frh.

- Grundvallarreglur Barnasáttmálans.
 - 2. gr. - Jafnræði og bann við mismunun.
 - 3. gr. - Það sem er barni fyrir bestu á að hafa forgang.
 - 6. gr. - Réttur barns til lífs og þroska.
 - 12. gr. - Réttur til þátttöku.



Önnur ákvæði Barnasáttmálans

- 23. gr. - Andlega eða líkamlega fötluð börn eiga að búa við aðstæður sem tryggja virðingu þeirra og stuðla að sjálfsbjörg þeirra og virkri þátttöku í samfélaginu.
- 24. gr. - Börn eiga rétt á njóta besta mögulegs heilsufars sem hægt er að tryggja, s.s. með læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.




Skyldur ríkisins skv. Barnasáttmálanum

- 4. gr. - Aðildarríki eiga að tryggja börnum þau réttindi sem Barnasáttmálinn kveður á um eftir því sem þau framast geta, m.a. með lögum og reglum.
- Ríkið hefur framselt ýmis verkefni til sveitarfélaganna, svo sem grunnskólamál, málefni fatlaðra og fleira.
- Nú þegar Barnasáttmálinn hefur verið lögfestur er skylt samkvæmt íslenskum lögum að tryggja börnum öll þau réttindi sem þar koma fram.




Víðtæk gagnaöflun og fundir

- Fundir og spurningalistar sendir út.
- Barna- og unglingsgeðdeildin.
- Þroska- og hegðunarstöðin.
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
- Ýmsir aðrir fundir t.d. með fyrrverandi velferðarráðherra, Barnaverndarstofu, Kennarasambandinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóla, Brúarskóla, Klettaskóla og Sjónarhóli.




Barna- og unglingsgeðdeildin

- Langir biðlistar.
 - Börn þurfa að bíða eftir þjónustu í allt að 2 ár.
 - Kemur í veg fyrir snemmtæka íhlutun.
- Það skortir heildstæða stefnumótun í þessum málaflokki.
 - Mörg börn falla á milli stofnana og þá þar af leiðandi ekki þjónustu eða þurfa að bíða lengi eftir henni.
- Mismunun eftir búsetu?



Proska- og hegðunarstöðin

- Hefur einungis sinnt börnum með ADHD og skyldar raskanir fram að 12 ára aldri.
 - Eldri börnum vísað á BUGL sem sinnir einungis alvarlegustu tilfellunum.
 - Þessi börn fá ekki þjónustu við hæfi – hætta á að þau endi inni í barnaverndarkerfinu.
- Hefur þekkingu og vilja til að sinna sinna fleiri börnum en skortir fjármagn til þess.




Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

- Hefur þrengt starfssvið sitt og tekur nú ekki við ákveðnum hópi barna sem hún sitt áður.
 - Háttstandandi börn á einhverfurófi fá nú ekki þjónustu.
 - Fjórðungi tilvísana er hafnað.
- Myndi vilja sinna mun fleirum ef nægilegt fjármagn væri til staðar
- Vantar upp á að fullnægjandi þjónusta sé fyrir börn með þroska og hegðunarraskanir



Er „gráa svæðið“ að stækka?

- Fleiri börn falla fyrir utan þjónustuviðmið og fá ekki þjónustu við hæfi.
- Óljóst hver á að sinna börnum með fjölþættan vanda.
- Mismunandi þjónusta eftir hverfum og landshlutum?



Hver ber ábyrgð

- Ríkið ber ábyrgð á því að tryggja öllum börnum þá þjónustu sem þau þurfa.
- Ríkið hefur framselt ýmis verkefni til sveitarfélaga.
 - Sveitarfélögin og ríki bera sameiginlega ábyrgð í slíkum tilvikum.
- Stofnanir virðast oft vísa hver á aðra.
- Skortir heildstæða stefnumótun.
 - Hver á að sinna hverju, hvatning til samvinnu, snemmtæk íhlutun, þjónusta í nærumhverfi.



Niðurstaða

- Réttindi barna eru brotin.
 - Börn fá ekki þá vernd og umönnun sem þau þurfa.
 - Börnum mismunað t.d. vegna aldurs og búsetu.
- Brýnt að sjá til þess að öll börn fái þá þjónustu sem þau þurfa – án þess að þurfa bíða of lengi.
 - Mikilvæg fjárfesting sem felst í því að tryggja snemmtæka íhlutun – dregur úr líkum á frekari vanda.
- Kerfin þurfa að vinna saman!



Takk fyrir 😊



www.barn.is